

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um biðtíma eftir afplánun.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

1. Hver hefur verið biðtími einstaklinga, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar, eftir afplánun sl. fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir brotaflokkum.
2. Hversu margir einstaklingar sem dæmdir voru til fangelsisvistar sl. tíu ár hófu aldrei afplánun vegna fyrningar refsidóms? Óskað er eftir sundurliðun eftir brotaflokkum.
3. Hvernig er einstaklingum sem hlotið hafa dóm til fangelsisvistar forgangsraðað á biðlista eftir afplánun?
4. Hvernig miðar vinnu við að stytta biðtíma einstaklinga sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar?

Skriflegt svar óskast.